

IÐNÞING 2016

17 | 03 | 16

Morgunblaðið





Morgunblaðið/Styrmir Kári

Meðbyr íslensks iðnaðar nýttur af ábyrgð

Eftir að hafa gengið í gegnum erfiða tíma á undanförunum árum stendur íslenskur iðnaður nú að miklu leyti í blóma. Bjartsýni, raunsæi og ábyrgð voru þau meginþemu sem greina mátti á nýafstöðnu Iðnþingi. Stjórnendur sjá fram á bjarta

tíma í tækni- og hugverkageira en annars staðar standa fyrirtæki frammi fyrir áskorunum, sér í lagi í tengslum við nýgerða kjarasamninga líkt og heyra má í málflutningi forsvarsmanna Samtaka iðnaðarins.

Stöðunum í íslensku atvinnulífi hefur fjölgað hratt á tiltölulega stuttum tíma og það er því ekki síður áskorun sem stjórnvöld standa frammi fyrir að skapa þeim umhverfi sem býður upp á frekari vöxt líkt og endurspeglast í nýstofnuðu hugverka-

ráði SI. Iðnþing er merkilegur viðburður í íslensku atvinnulífi þar sem helstu málum hvers tíma er velt upp. Þingið í ár var engin undantekning og hér gefst lesendum færi á kynna sér það sem stóð upp úr.

17.03.2016



8

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, segir að bjartsýni, raunsæi og ábyrgð hafi verið meginstefin á Iðnþingi.



12

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra segist ánægð með þann tón sem heyrðist á Iðnþingi.



13

Stofnun Hugverkaráðs SI er liður í að efla samkeppnishæfni hugverka- og tæknifyrirtækja á Íslandi.



6

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.



IÐNÞING 2016

Stofnun Hugverkaráðs

Útgefandi

Árvakur

Umsjón

Hallur Már Hallsson hallurmar@mbl.is

Blaðamenn

Halldór Bachmann

halldorbach@gmail.com

Hallur Már Hallsson hallurmar@mbl.is

Auglýsingar

Katrín Theodórsdóttir kata@mbl.is

Forsíðumynd

Haraldur Guðjónsson

Prentun

Landsprent ehf.

Milwaukee

GEDORE

RYOBI

VERKFÆRA SALAN

brennenstuhl

IR Ingersoll Rand

TELWIN



Milwaukee

Verð

54.900

Borvél M18 BLPD-202X

Kolalaus borvél með höggi,
átak 50Nm, 13mm patróna.
2 x 2,0 Ah rafhlöður og hleðslutæki.
MW 4933448448



Milwaukee

Verð

57.900

M12 BPP2D-402B

Borvél 38Nm og fjölnotavél.
2 x 4,0Ah rafhlöður og hleðslutæki.
MW 4933441250



Milwaukee

Verð

115.900

Hersluykill 1/2" M18 CHIWF12

Herslustillingar: 950Nm / 135Nm.
2 x 5,0 Ah rafhlöður og hleðslutæki.
MW 4933448100



Verð

3.990

MW 48224010 Vinstri Kr. 3.990,-
MW 48224030 Beinar Kr. 3.990,-
MW 48224020 Hægri Kr. 3.990,-

Milwaukee



Verð

6.990

Kapaltromla 25m

Lengd 25m, leiðir 3G1,5 H05VV-F.
Framleitt í Þýskalandi.
BR 1099150027



Verð frá

39.900

TELWIN Suðuvél FORCE

Með hjálmi og fylgihlutum
TW 815862 Force 145 Kr. 39.900,-
TW 815863 Force 165 Kr. 61.900,-
Fótoselluhjálmur fylgir Force 165

TELWIN



Verð frá

2.590

Bílabúkkar

Búkki 3 Tonn 2.590,-
Búkki 6 Tonn 4.890,-
Búkki 12 Tonn 9.990,-



Verð

21.990

Hjólátjakkur 3T

Stöðugur hjólátjakkur sem lyftir 52cm,
lægsta staða 14,5cm.
Burðarþol 3 tonn.



Verð

36.990

IR Ingersoll Rand

Hersluykill 2130XP

Nettur og léttur hersluykill
frá Ingersoll Rand, losun 816Nm,
hersla 25-350Nm.
IR 80136112



Verð

14.900

Hjólbörur iðnaðar.

Sterkar hjólbörur á heilli grind
með styrkingu. Bera 250kg, 100 lítra.
CR 52801802



Verð

94.900

Verkfæraskápur 188 verkfæri.

Sterkur 7 skúffu verkfæraskápur fullur af
verkfærum.
Polir að bera skrúfstykki.



Verð

119.900

Verkfæraskápur 172 verkfæri.

Sterkur 7 skúffu verkfæraskápur fullur af
verkfærum, bakkar úr foam.
Polir að bera skrúfstykki.

Tæknibyltingin sem mun breyta öllu

Mikill hraði er í tækniþróun í heiminum og fjölmörg fyrirtæki hér á landi eru hluti af drifkraftinum í þeim hraða. Ragnheiður H. Magnúsdóttir, viðskiptastjóri hjá Marel og formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, Ólafur Andri Ragnarsson, dósent við HR og hugbúnaðarsérfræðingur, og Soffía Theódóra Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Greencloud, ræddu um tæknina og áskoranirnar sem henni fylgja fyrir atvinnulífið.

Nú er talað um að fjórða stóra tækniþyltingin sé yfirvofandi. Fyrstu tölvurnar komu á fyrri hluta síðustu aldar og Ólafur Andri benti á að eftir því sem tímanum yndi fram stýttist tíminn á milli stórra tækniþyltinga sem hefðu mikil áhrif á líf almennings. Internetið hafi komið árið 1995, snjallsíminn árið 2007 og sú næsta sé yfirvofandi en hann á von á því að hún verði sú djúpstæðasta til þessa. Kjarnastarfsemi fyrirtækja muni verða fyrir áhrifum þar sem rauntíma hugbúnaður og tækni móti starfsemi.

Ragnheiður tók undir þetta og bætti við þeirri skoðun sinni að við sem samfélag værum ekki alveg tilbúin fyrir það sem koma skyldi. „Við þekkjum þetta hvernig Airbnb, Uber, Spotify og fleiri fyrirtæki sem hafa vaxið á gríðarlegum hraða með því að ákveða að sniðganga þau viðskipti sem fyrir voru.“ Hraðann sagði hún vera ógnvekjandi og því væri lyklatríði að sofna ekki á verðinum.

Ólafur benti á að einungis 15% fyrirtækja á heimsvísu væru búin að móta sér stefnu varðandi breytan veruleika í tæknimálum. Fæstir væru tilbúin að meðtaka það sem mundi gerast í tæknimálum. „Það eru tvönskonar viðbrögð sem ég fæ þegar tala um

þessi mál. Hroki og hlátur.“ Það hafi einmitt verið viðbrögð forstjóra Microsoft við fyrsta iPhoneinum sem honum var sýndur árið 2007. Honum sé eflaust ekki hlátur efst í huga nú þegar hagnaður Apple sé orðinn meiri en hjá Microsoft.

Hvar er hugverkageirinn í fréttunum?

Eitt af því sem bendir til að víða vanti upp á undirbúning fyrir væntanlegar tækniþyltingar er að sögn Ragnheiðar sú staðreynd að svo stutt sé síðan hugverka- og tækniþýðnaður hafi fengið viðurkenningu sem fjórða stoðin í íslensku atvinnulífi. „Útflutningstekjur þessa geira fyrir árið 2014 voru 44 milljarðar og 2015 fórum við í 90 milljarða. Þannig að það er gríðarlegur vöxtur þarna og hann er meiri en í ferðþjónustunni sem við tölum um á hverjum einasta degi í fréttunum. Hvar er hugverkageirinn í fréttunum?“ Nauðsynlegt sé að spyrja spurninga um hvert stefnan sé tekin í þessum málum. „Við þurfum að vera samkeppnishæf og við þurfum að ákveða okkur hvort við ætlum að vera hugverkaland eða ekki.“

Þurfum að lokka fólk til landsins

Viðskiptaumhverfi tæknifyrirtækja í alþjóðlegum rekstri hér á landi hefur verið gagnrýnt fyrir að vera



1997

Hugmyndin með *EVE Online* var að búa til geim-tölvuleik sem margir gætu spilað á sama tíma. Þetta var algjör bylting á þeim tíma.

2016

Nú erum við aftur á barmi byltingar. Við erum mjög bjartsýn á framtíðina.



60% þeirra starfa sem börnin okkar koma til með að vinna eru ekki til núna.

Ljósmynd/Haraldur Guðjónsson

ekki samkeppnishæft við aðrar þjóðir sem bjóði t.a.m. betri endurgreiðslu á þróunarkostnaði og skattaafslátt fyrir fyrstu árin í rekstri. Þetta hefur orðið til þess að fyrirtæki eða hlutar þeirra hafi hrökklast úr landi. Í samræðunum kom fram að sá 20% skattaafsláttur sem er í boði fyrir rannsókn- og þróunarkostnað sé með þaki sem þurfi að hverfa. Afnáam hafta og lækkun tryggingagjalds séu einnig grunnforsendur þess að slík fyrirtæki geti þrífist hér á landi.

Soffía benti á að ekki síður væri það mikilvægt að lokka alþjóðleg fyrirtæki til að hefja rekstur hér á landi. Hún rifjaði upp söguna af því þegar Google var að skoða mögulega kosti til að byggja gagnaver fyrir fáum árum hafi Ísland komið þar til álita en tæknirísinn hafi ákveðið að reisa þau frekar í Finnlandi. Hið sama megi segja um erlent starfsfólk þar sem Ísland mælist í 70. sæti á lista yfir hversu vel löndum gengur að laða að sér erlenda sérfræðinga. „Það hefur reynt áskorun að ráða í sérhæfð tæknistörf innan Greencloud þó að um 20% starfsmanna séu erlendir en einnig hefur okkur tekist að ráða heim fráþæra íslenska sérfræðinga sem voru búsettir erlendis.“ Soffía og Ólafur Andri voru samála um að verkefnið skiptu máli þegar kæmi að því að laða fólk til landsins, þau þyrftu að vera spennandi.

„Við þekkjum þetta hvernig Airbnb, Uber, Spotify og fleiri fyrirtæki sem hafa vaxið á gríðarlegum hraða með því að ákveða að sniðganga þau viðskipti sem fyrir voru.“

Grunnskólarnir ekki með

Í inngangi að spjalli þeirra sem Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, flutti, kom fram að talið væri að um 60% þeirra starfa sem börnin okkar kæmu til með að vinna væru ekki til núna. Þetta vektu spurningar um menntastefnu. Ragnheiður talaði um að háskólarnir og framhaldsskólarnir væru farnir að laga sig að aukinni þörf á tæknimenntuðu starfsfólki en að grunnskólarnir sætu algerlega eftir. Hún benti á yfirlýsingar Obama Bandaríkjaforseta um að efla forritunarkennslu á yngri skólastigum. „Ef Bandaríkjamenn geta þetta þá getum við það líka. Við erum lítil þjóð og ættum að vera snögg og kvik að finna út úr þessu.“ hallurmar@mbl.is



Búðu þig undir spennandi framtíð

Ferðin frá hugmynd að farsælu fyrirtæki með skýra framtíðarsýn kallar á öflugan samstarfsaðila.

Kynntu þér þjónustu okkar á arionbanki.is/fyrirtaeki

Fyrirtækjþjónusta Arion banka

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina



Morgunblaðið/Eggert

Bjart framundan „Framundan eru miklar áskoranir en ef að vel er haldið á spilunum kemur iðnaður til með verða áfram ein af burðarstoðum samfélagsins,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI.

Hjól atvinnulífsins farin að snúast hraðar

Iðnaður kemur til með verða áfram ein af burðarstoðum samfélagsins sé rétt haldið á spilunum, segir Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.

Það er mikið í gangi, það er mikil nýsköpun í gangi og nú eru hjól atvinnulífsins farin að snúast af meiri krafti en áður og við sjáum að það er að lifna yfir byggingargeiranum. Það er kannski fyrst og fremst þessi sköpun, frjóa hugsun og þessi kraftur, segir Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins, aðspurð hvað hafi staðið upp úr á nýafstöðnu Iðnþingi sem haldið var 10. mars. Ekki hafi viðburðurinn brugðist frekar en á fyrri árum að vekja með henni stolt og ánægju með íslenskan iðnað sem hafi gengið í gegnum afar krefjandi tíma á undanförunum árum.

Hún tekur undir að greina hefði mátt ákveðinn samhljómi í máli þeirra sem fluttu erindi og tóku þátt í umræðum þennan dag. Fólk er bjartsýnt og fjölmörg fyrirtæki eru að uppskera eftir erfiðari tíma. „Fjárfesting í atvinnulífinu er farin að aukast. Við sjáum það í greinum eins og sjávarútveginum en einnig í greinum eins og byggingargeiranum. Mörg byggingarfyrirtæki og jarðvinnufyrirtæki misstu tæki sín úr landi eftir fall bankanna. Þetta er allt að komast á skrið aftur.“ Kjara-samningarnir sem gerðir voru á síðasta ári séu þó töluverð áskorun fyrir atvinnulífið og bendir hún sérstaklega á matvælaframleiðendur í þessu samhengi en Guðrún starfar sjálf sem markaðsstjóri Kjöriss. „Það er þungt fyrir okkur að mæta launahækkunum og við höf-

um þurft að setja á ís ýmsar fjárfestingarhugmyndir sem voru komnar upp á borðið.“ Engu að síður hafi það verið gríðarlega mikilvægt að ná að ljúka við gerð samninganna og því sé fyrirséð að lygnari sjór sé framundan á vinnumarkaði hvað þetta varðar. „Peir eru dýrir en ég lít svo á að við séum að borga inn í framtíðina með þeim. Ég held að ávinningurinn með þeim verði meiri en við gerum okkur grein fyrir þegar við horfum til framtíðar.“ SA-LEK-samkomulagið tryggði að unnið sé að nýju vinnumarkaðsmódeli sem sé í takt við það sem gerist í löndunum í kringum okkur og geti ekki verið annað en jákvætt.

Stöðugleiki mikilvægur

Stöðugleiki var Jóni Sigurðssyni, forstjóra Össurar, hugleikinn þar sem hann tók þátt í umræðum ásamt Ragnheiði Elínu Árnadóttur ráðherra. Hann væri það mikilvægasta sem stjórnmöld gætu lagt af mörkum til að tryggja atvinnulífinu vinnufríð. Guðrún bendir á að þó að nú gangi vel hafi ýmislegt orðið til þess að þar verði breyting á. „Við höfum aldrei búið við stöðugleika hér á landi. Krónan er mælikvarði á hagstjórn okkar og það verður að viðurkennast að hún hefur ekki gengið alltof vel. Við erum nú að fara inn í þensluskeið sem er keyrt áfram af ferðahjónustunni og raungengið hefur verið að hækka og samkeppnisstaða útflutningsgreinanna hefur versnað. Ef krónan tekur upp á því að styrkjast verulega mun ferðamannageirinn finna fyrir því mjög fljótleiga og þar sem hann er hjónustaður af svo mörgum ólíkum greinum yrðu áhrifin víðtæk.“ Því sé mikilvægt að vel takist til í ríkisbúskapnum og við afnám hafta sem verði gríðarlega þýðingarmikil aðgerð.

Í ræðu sinni vék Guðrún að erlendu vinnuafli og til að leggja áherslu á þýðingu þess fyrir atvinnulífið sagði hún sögu af Armenanum Grantas sem starfaði hjá Kjöriss um árabil og urðu þau góðir vinir.



Íslendingur Grantas átti sér þá ósk heitasta að verða íslenskur ríkisborgari.

Vinnusemi hans hafi reynt fyrirtækinu gríðarvel og hann ásamt fjölskyldu sinni hafi fundið sig vel hér á landi. Eftir að hafa greinst með illkynja krabbamein hafi hann átt sér þá ósk heitasta að vera orðinn íslenskur ríkisborgari þegar hann færi yfir móðuna miklu. Það hafi ekki tekist.

„Ég veit ekki hvernig ég á segja það pent en það hefur farið þínulítið í taugarnar á mér hvernig umræða um útlendinga, erlent vinnuafli og flóttafólk hefur þróast. Þessar raddir um að við þurfum að einangra okkur og að það sé svo mikil ógn sem fylgi útlendingum. En sem víðsýnn manneskja tel ég að það sé lítill og einleitri þjóð nauðsynlegt að fá nýjar hugmyndir, fólk með nýja sýn á lífið og aukinn fjölbreytileika fyrst og fremst,“ segir Guðrún. Þessi boðskapur talaði til fólks að hennar sögn og aldrei hefur hún fengið jafn sterk viðbrögð við neinni ræðu. Gestir þingsins hafi margir hverjir verið atvinnurekendur sem hafi innan sinna ráða starfsmenn sem séu af erlendu

bergi brotnir. Nú þegar ljós sé mikil þörf á vinnuafli erlendis frá þurfi að knýja fram hugarfarsbreytingu víða.

Afnám hafta gæti orðið gríðarlega þýðingarmikil aðgerð.

„Við höfum tilhneigingu til að tala bara um erlent vinnuafli sem einhverja heild. Enn þetta eru allt einstaklingar og allt einstaklingar með mismunandi bakgrunn og mismunandi menntun og ólíka lífsreynslu í farteskinu.

Við eigum að taka þessu fólki fagnandi því við höldum ekki uppi þeim hagvexti sem hér er verið að spá nema að fá aðstoð annarra til þess.“ Miðað við aldurssamsetningu þjóðarinnar og hagvaxtarþá sé þörf á 2.000 nýjum erlendum starfsmönnum inn í íslenskt atvinnulíf næstu fimmtán árin.

Á Iðnþinginu var ljóst á máli fólks að hraðinn í íslensku atvinnulífi er mikill þessa dagana og almennt á fólk von á nýjungum í tækni sem geti haft í för með sér róttækar breytingar fyrir atvinnulífið og samfélagið í heild. Internet og sýndarveruleiki eru hlutir sem eru farnir að setja svip sinn á líf fólks nú þegar og munu gera það í meiri mæli eftir því

sem tímanum vindur fram. Fram kom að 60% þeirra starfa sem börnin okkar koma til með að vinna séu ekki enn orðin til sem setji spurningarmerki við menntun. Ragnheiður Magnúsdóttir hjá Marel sem er jafnframt formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, benti á að grunnskólar þyrftu að gera betur í að kenna forritun. Það væri nauðsynlegt ekki bara til að skapa forritara heldur einnig til þess að auka skilning alra á forritun, það gagnadist atvinnulífinu í heild. Guðrún tekur undir þetta sjónarmið og bendir jafnframt á nýsköpunarkennslu og handiðni. „Þetta er of mikið bundið við einstaka kennara, ég vil sjá þetta ná út fyrir persónulegan metnað hvers kennara. Við erum ekki með þetta inni í námskránni og erum ekki að gera þetta með nægilegum slagkrafti.“

Einungis 14% fara í starfsnám

Menntunin var jafnframt töluvert til umræðu á þinginu og sú staðreynd að einungis 14% nemenda velji að fara í starfsnám að loknu grunnskólalárinu á meðan þeir hefðu þurft að hvíta húfu og atvinnuréttindi. Möguleikar þeirra eru einfaldlega miklu meiri, t.d. ef þau vilja taka sér eitt ár í hvíld frá námi.“

Guðrún segir ljóst að framundan séu miklar áskoranir en ef vel sé haldið á spilunum komi iðnaður til með verða áfram ein af burðarstoðum samfélagsins. Hún leggur áherslu á að ábyrgð verði leiðarljós í þeim vexti sem verði í geiranum á næstu árum. „Við vitum að öflugur iðnaður skapar gott líf fyrir fólk, fyrir fyrirtæki og fyrir samfélagið allt. Það er stóra myndin.“

hallurmar@mbl.is

Viðhaldsfrír sólskálar

Hentar mjög vel íslenskri veðráttu



Frábært skjól gegn vindi og regni
– sælureitur innan seilingar



Yfir 90 litir í boði!



GLUGGAR & GARDHÚS

Við höfum framleitt viðhaldsfría glugga og hurðir í 30 ár

Nánar á solskalar.is



Smiðsbúð 10 • 210 Garðabær • Sími: 554 4300 • Fax: 564 1187

Raunsæi og ábyrgð í bland við bjartsýni

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, var ánægður með það sem kom fram í máli þeirra sem fluttu erindi á Iðnþingi sem haldið var fyrir viku.

Almar segir jákvætt að umræðan hafi einkennst af bjartsýni, raunsæi og ábyrgð. *Hvað stóð upp úr á nýafstöðnu Iðnþingi?*

Það er að mér finnst býsna góð sameiginleg sýn á tvö mikilvæg atriði. Annars vegar að það eru mikil tækifæri í að byggja upp öflugra umhverfi fyrir alþjóðleg fyrirtæki. Þessir nýju geirar, hvað sem það getur þýtt, eru þess eðlis að fyrirtæki eru fljót að komast á alþjóðlegan markað. Þetta er líka umhverfi sem er að mörgu leyti spennandi fyrir ungt fólk. Hinsvegar eru það þessi meginsteif sem varða okkar innlendu geira. Innviðir samfélagsins sem þarf að byggja upp og þessi tónn sem heyrir hjá fyrirtækjum um að hægt sé að gera enn betur í umhverfismálum. Þar sem lausn eins fyrirtækis getur leyst þarfir annars. Það fannst mér mjög áhuga-vert.

Þarf að veita grunnskólabörnum inn-sýn í greinarnar

Varðandi menntun var m.a. lögð áhersla á að taka forritun fyrir inn í menntakerfið, er þetta eitthvað sem má setja þúður í svo það verði að veruleika?

Það er klárlega mikið ákall frá þessum tæknifyrirtækjum að kenna forritun fyrir. Svo var líka mikil umræða um þessar klassísku iðngreinar og menntun. Auðvitað erum við ekki að fara að kenna þær sem slíkar á fyrri stigum. Skólakerfið, og við þurfum að standa við bakið á því, þarf að veita krökkum betri innsýn í þessar greinar og þá möguleika sem þær bjóða, mun fyrir. Þetta er eitthvað sem nýstofnaður Framfarasjóður kemur til með að beita sér í. Hvernig getum við bætt forritunarkennslu á yngri stigum og hvernig getum við gert tækifæri fyrir krakka í iðngreinum sýnilegri fyrir þá. Þetta er hluti af því að gera hlutina á ábyrgan hátt. Það er ekki eðlilegt að við segjum stjórnvöldum fyrir verkum, frekar viljum við bjóða fram aðstoð okkar á þessari sameiginlegu vegferð.

Samvinna atvinnugreina

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra hélt erindi og tók þátt í umræðum. Hver fannst þér hennar skilboð til þingsins.

Það var tvennt sem stóð upp úr í máli hennar að mínu mati og var mjög jákvætt. Það voru annars vegar skilaboð hennar til fyrirtækja um að stjórnvöld mundu beita sér fyrir því að laga það sem þyrfti að laga í starfsumhverfi fyrirtækja og vinna með þeim í því. Einnig fannst mér góður tónn í henni hvað varðar samvinna atvinnugreina. Það á vel við hjá okkur, það er margt innan okkar geira sem tengist með ólíkum hætti. Það er eitthvað sem ég tel að sé umræðunni á Íslandi til framtíðar að við tölum þannig. Þetta má ekki verða að kappaleik þar sem ólíkum greinum er att saman. Þannig viljum við ekki gera hlutina. Hinsvegar er það sem kom aðeins fram í spjalli okkar og það var að okkur finnst að stjórnvöld gætu tímasett vissar aðgerðir skýrar t.a.m. hvað varðar umhverfi alþjóðlegra fyrirtækja. Þarna virðist vera sameiginleg sýn um hvernig hlutirnir verði gerðir t.d. hvað varðar skatta. Því mætti bara setja niður tímasettar áætlanir.

Jákvæður vöxtur

Það mátti greina það í máli fólks að hlutirnir ganga vel núna. En jafnframt



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Bjartsýni Umræðan á Iðnþingi einkenndist af bjartsýni, raunsæi og ábyrgð, að sögn Almars Guðmundssonar, framkvæmdarstjóri Samtaka iðnaðarins.



Ljósmynd/Haraldur Guðjónsson

Þétt setið Fundarmenn hlusta af athygli á fyrirlestur á Iðnþingi.

er mikill vilji til að grípa þau tækifæri sem eru vannýtt. Finnið þið hjá samtökunum mikið fyrir þessu?

Það er náttúrulega bjartsýni en líka ákveðið raunsæi. Mér fannst það ágætt sem kom fram í máli Gylfa Gíslasonar hjá Jáverki. Hann talaði um að byggingargeirinn væri auðvitað að vaxa en þó innan skynsamlegra marka. Það sama mátti heyra hjá Jóni Sigurðssyni í Össuri og að auðvitað væri vöxtur jákvæður en lagði áherslu á gömul og góð gildi í rekstri sem nauðsynlegt væri að missa ekki sjónir á. Þetta finnst mér skynsamlegt viðhorf. Við höfum líka verið að gera kannanir á væntingar fyrirtækja og þær staðfesta þessa bjartsýni sérstaklega í byggingargeiranum og hugverkaiðnaðinum. Hún er þó umtalsvert minni í framleiðslugeiranum, þar eru menn hóg-

værari og líklega hafa nýgerðir kjarasamningar eitthvað um það að segja.

I ályktun Iðnþingsins er tekin afstaða til mála eins og að þjóðin fái að kjósa um aðildarviðræður við ESB en einnig er fjallað um krónuna. Er eitthvað í ályktuninni sem er nýtt fyrir samtökin?

Við erum það breið samtök að það er langur vegur frá því að allir séu sammála um mál eins og þessi. Nýjungin í þessari ályktun er að við viðurkennum að krónan mun verða okkar gjaldmiðill næstu 5-6 árin. Það breytir því að ekki að það þarf að fara fram betri umræða um framtíðarvalkost í þessum efnunum. Því væri ekki skynsamlegt að útiloka eitthvað eitt umfram annað og það er áréttað í ályktuninni og það sama á við um Evrópumálin. hallurmar@mbl.is

Það er ekki eðlilegt að við segjum stjórnvöldum fyrir verkum, frekar viljum við bjóða fram aðstoð okkar.



Sögulegt grín Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og Stefán Pálsson, rithöfundur og spurningahöfundur, héldu erindi um framfarir í sögulegu ljósi sem salurinn kunni vel að meta.



Stóru málin Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri JÁVERK, Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, og Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, ræddu stöðu íslensks iðnaðar og starfsumhverfi hans.

Fjölbreytt uppskera á lönþingi

Gestir fengu tækifæri til að kynna sér nýjungar í framleiðslu og starfsemi íslensks iðnaðar á Hilton Nordica þar sem þingið fór fram. Þar var af ýmsu að taka enda mikil breidd í íslenskum iðnaði.



Allt á suðupunkti IDAN var með nýjan suðuhermi á staðnum sem gestir gátu fengið að prufa.

Ljósmyndir/Haraldur Guðjónsson



Brugg Bruggverksmiðjan Eimverk bauð gestum að kynna sér og smakka á Flóka-viskíi.

Morgunblaðið/Styrmir Kári



Sólbært Ölgerðin kynnti sumarlegan drykk sem fyrirtækið er að setja á markað undir merkinu Sólbært.



Húdtækni Orf líftækni var með tæki á staðnum sem gerir mælingar á húð og les í raka og öldrun húðar.



Hugarafli Jón Sigurðsson, Guðmundur Jóhannsson, Fríðrika Þorkelsdóttir og Guðmundur Jakobsson. Guðmundur er með gervifót sem stýrt er með hugarafli og hann útskýrði tæknina fyrir fólki.

Mikil tækifæri í umhverfismálum

Umhverfismálum var gert hátt undir höfði á Iðninginu þar sem þau Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, og Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, fjármálastjóri Carbon Recycling International, tóku til máls. Hér verður stiklað á því helsta sem þar kom fram.

Umhverfismálin hafa verið sívaxandi breyta í rekstri fyrirtækja og Parísarsáttmálinn sem undirritaður var á síðasta ári gerir miklar kröfur á öllum stigum samfélagsins. Margrét kallaði eftir skýrari mynd á það hvað væri ætlast til af atvinnulífinu í kjölfar samkomulagsins. „Þar [í París] kom skýrt fram að fyrirtækin eru tilbúin að takast á við skuldbindingar þau eru tilbúin til að axla þann kostnað sem þarf. Hér á Íslandi birtist það m.a. í fyrirtækjum innan Festu sem tóku sig saman um markmið og Ísland hefur sett sér markmið í að fylgja Evrópu og leggja sitt af mörkum þar. En ekki hefur verið sagt hvernig. Fyrirtækin þurfa að vita hvað er framundan til að geta metið fjárfestingarkosti til að starfs-umhverfi þeirra sé rétt þá viljum við vita hvað sé framundan með tililiti til skatta, koltvísýringsverðs og allskonar ívilnana. En það er hlutverk stjórnvalda að setja þetta skýrt fram svo að við vitum hvar við erum eftir eitt kjörtímabil eða tvö. Því að óvissan hamlar fjárfestingu.“

Miklar fjárfestingar í umhverfislausnum

Nauðsynlegt er að skoða hlutverk álfraleiðslu í hnattrænu samhengi að sögn Magnúsar. Það eigi það til að gleymast í íslenski umræðu. „Það er verið að nota ál í farartæki eins og bíla og flugvélar, ál er léttir farartækin og þar af leiðandi verður losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim minni. Ál-umbúðir eru endurvinnanlegar og léttar. Ál í byggingum er létt byggingarefni, vel formanlegt og hagkvæmt. Veðurþolið o.s.frv. Þannig er notkun á ál að leggja til virði í umhverfismálum þar sem jákvæð áhrif notkunar efnisins vega upp neikvæð umhverfisáhrif við framleiðsluna. Álið hefur einstaka möguleika til endurvinnslu, það er auðendurvinnanlegt og það er ekki orkufrekt að endurvinna ál. Í dag er talið að 75% af því ál sem hefur verið framleitt í heiminum sé ennþá í notkun.“

Árið 2005 voru sett markmið innan fyrirtækisins sem náðu til ársins 2030 um að minnka losun CO₂ um 35%. En Magnús segir að nú séu



Lausnir Ágúst Torfi Hauksson, Magnús Þór Ásmundsson og Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir ræddu grænar lausnir, áskoranir og tækifæri í umhverfismálum.

Ljósmynd/Haraldur Guðjónsson

þau markmið að nást. „Verið er að taka til aðgerða í að minnka losun úrgangs, notkun á vatni og orku. Það gengur mjög vel í að vinna í öllum markmiðum og það eru aðgerðir á bak við hvert og eitt.“ Magnús tilkynnti að nú væri verið að ljúka fjárfestingarvefni fyrir 600 milljónir króna til að bæta kerin. Stöðugleiki í rekstri aukist og losun yrði minni. Hann benti einnig á ýmislegt sem hefði áunnist í gegnum tíðina en frá árinu 1990 hefur áliðnaðurinn hér á landi minnkað losun gróðurhúsalofttegunda um 30-35% á hvert tonn sem framleitt er.

„Í dag er talið að 75% af því ál sem hefur verið framleitt í heiminum sé ennþá í notkun.“

rekstri aukist og losun yrði minni. Hann benti einnig á ýmislegt sem hefði áunnist í gegnum tíðina en frá árinu 1990 hefur áliðnaðurinn hér á landi minnkað losun gróðurhúsalofttegunda um 30-35% á hvert tonn sem framleitt er.

„Við þurfum að horfa á þessi mál í hnattrænu samhengi – loftslagsmál eru hnattræns eðlis. Í því samhengi ætti framleiðsla áls að vera eitt helsta baráttumál í umhverfisvernd hér á landi. Þar sem koltvísýringsfótspor áls sem er framleitt hér á landi er 10 sinnum minna en þess sem er framleitt með kolum.“

Samvinna sem gagnast öllum

Carbon Recycling International hefur þróað tækni þar sem koltvísýringsútblástur er tekinn og honum breytt í verðmæti, fljóttandi eldsneyti í formi vistvæns metanóls. Fyrirtækið þjónustar m.a. álverin sem eru skuldbundin til að minnka útblástur. Nú er verið að flytja tækniþekkinguna úr landi en verksmiðjan á Svartsengi bindur

sex þúsund tonn af koldíoxíði á ári. Margrét benti á að það jafngildi því að innleiða 2000 rafbíla á ári.

Orkey á Akureyri, þar sem Ágúst er jafnframt stjórnarformaður, kaupir metanól af CRI og fitu af Norðlenska og býr til lífdísil. Úr verður díslólía sem brennur í venjulegum vélum. Framleiðslan er nokkur hundruð tonn á ári og þótt það hafi tekið töluverðan tíma að ná rekstrinum réttum megin við núllið segist Ágúst sjá mikil tækifæri þar. Hann bendir einnig á metangas í þessu samhengi sem sé unnið í talsverðu magni hér á landi bæði í Álfsnesi og í Glerárhaug sem sé svo notað á samgöngutækni. Nú sé verið að gera þetta við frekar frumstæðar aðstæður í landfyllingarhaugum

hér á landi en framtíðin sé á alla vafa sú að þróa framleiðsluna frekar. Metangas er afar skaðlegt umhverfinu en með því að brenna það minnka skaðlegu áhrifin gríðarlega. „Þannig að tilfinningin er töfrum gædd þegar maður kveikir á metaninu á bílnum. Þá er maður farinn að menga negatíft,“ segir Ágúst.

Það sem skipti máli sé að fyrirtæki séu með opinn huga gagnvart því að það sem sé úrgangur hjá einu fyrirtæki sé hráefni hjá öðru. Þetta tók Margrét undir og benti á auðlindagarðinn í Svartsengi þar sem fjölmörg fyrirtæki störfuðu saman í að nýta það sem gengi af í rekstri hvert annars. Þetta væri vel þekkt erlendis. hallurmar@mbl.is

16 fyrirtæki innan SI voru á Verki og viti

Á stórsýningunni Verki og viti sem fram fór í Laugardalshöllinni í byrjun mars voru 16 fyrirtæki sem tilheyra Samtökum iðnaðarins þátttakendur. Um 23 þúsund gestir sóttu sýninguna en markmið hennar er að kynna vörur, þjónustu og tækninýjungar á sviði byggingarmála, skipulagsmála og mannvirkjagerðar. Samhliða sýningunni efndi SI í samstarfi við Landsbankann til ráðstefnu um mannvirkjagerð á Íslandi á fyrsta sýningardegnum þar sem tíu einstaklingar úr viðskiptalífinu fluttu erindi. Ráðstefnuna sóttu rúmlega 300 manns.

Fyrirtækin innan SI sem kynntu vörur sínar og þjónustu á sýningunni í Laugardalshöll eru BM Vallá, EFLA, Gámaþjónustan, Hampiðjan, Ístak, Kaffitár, LNS Saga, Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas, Mannvit, MT Högjard Iceland, Steinull, Steypustöðin, Spælast Iceland, Verkfræðistofan Hannarr, Verkfræðistofan Vista og Verkís.



Fjölbreytni 16 fyrirtæki sem tilheyra Samtökum iðnaðarins voru þátttakendur á sýningunni Verki og viti sem um 23 þúsund gestir sóttu.

Morgunblaðið/Árni Sæberg


Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Snickers
WORKWEAR

40 YEARS
OF INNOVATION

DUNDERDON

Timberland **PRO**
PRO SERIES



Öryggisvörur

uvex **MILLER** **OTTER** **TOE GUARD**

Timberland PRO **Honeywell** **SOLID GEAR**

Vinnuskór • Heyrnahlífar • Öndunargrímur
Vinnuvettlingar • Eyrnatappar • Gleraugu
Hjálmar • Fallvarnarbúnaður

Tæki og múrfestingar

HILTI

Lasermælar • Höggborvélar • Skurðar-/Slípivélar
Demantsbor-/skurðarvélar • Batterísvélar
Skot-/Gasbyssur • Brunapéttefni
Skrúfvélar • Múrfestingar • Byggingafrauð

HAGI ehf • Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S: 414-3700 • hagi@hagi.is

Áskoranir í álframléiðslu

Blikur eru á lofti í álframléiðslu á heimsvísu og margvíslegar áskoranir sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir. Tækifærin eru þó að sama skapi til staðar, segir Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls.

Álframléiðsla í heiminum stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum. Ál, eins og aðrar hrávörur, lækkadi talsvert í verði á síðasta ári eða um 18,7%. Verðið hefur ekki verið lægra síðan í efnahagshruninu 2008. Aukið framboð á ódýru áli frá Kína er talið eiga talsverðan hlut að máli en eftirspurnin, sem hefur aukist verulega undanfarin ár, hefur þó ekki náð að halda verðinu uppi. Þetta hefur skilað sér í lækkandi verði hlutabréfa í álfyrirtækjum og erfiðum rekstri. Þetta er ekki bara að gerast úti í hinum stóra heimi. Þetta skilar sér til Íslands og hefur áhrif á íslenskt efnahagslíf en álframléiðsla hefur staðið undir drjúgum hluta af útflutningstekjum þjóðarinnar um árabil. Vinnudeila starfsmanna álversins í Straumsvík hefur verið áberandi í fréttum og virðist í algjörum hnút. Staðan í greininni virðist því vera nokkuð dökk ef marka má þennan inngang og því nærtækast að spyrja hvort það séu tækifæri í stöðunni fyrir álfyrirtækin og í hverju þau liggja? Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samáls, fær það erfiða hlutverk að finna björtu líta til að fylla myndina.

Minni eftirspurn í Kína

„Það er rétt að það eru áskoranir í álframléiðslu á heimsvísu,“ segir Pétur. „Par munar mest um að hægst hefur á vexti eftirspurnar í Kína, en á sama tíma hefur ekki dregið úr aukningu framboðs í þessu miðstýrða hagkerfi. Kína framléiðir yfir helm-



Framboð Aukið framboð á ódýru áli frá Kína hefur haft áhrif á eftirspurn á mörkuðum?

ing af öllu áli í heiminum, þannig að um munar þegar flæðir upp úr því baðkari. Það er áhyggjuefni að stærstur hluti álframléiðslunnar þar er knúinn af kolaverum, þannig að losun gróðurhúsalofttegunda á hvert framleitt tonn er allt að tífalt meiri en héraendis. Almenn gildir raunar um álframléiðslu í heiminum að losunin er mun meiri af orkuvinnslu en sjálfri álframléiðslunni. Losun á hvert framleitt tonn er því hvergi minni en hér á landi.

Það jákvæða við stöðuna á álmörkuðum er að eftirspurn fer ört vaxandi í heiminum

og má fyrst og fremst rekja það til æ meiri notkunar áls í farartækjum. Astæðan er sú að með því er dregið úr eldsneytisbrennslu og um leið úr losun gróðurhúsalofttegunda, en bílaframléiðendur eru undir sífellt meiri þrýstingi frá stjórnmöldum um að mæta markmiðum í loftslagsmálum. Par er ál hluti af lausninni, þar sem það er léttur og um leið sterkur málmur, og mikil þróun hefur orðið í álblöndum sem nýttar eru með fjölbreyttum hætti í bílaframléiðslu. Þá varðar miklu í rafbílavæðingunni að létta rafbilana, þannig að þeir komist lengra á

raflöðunni, og þar gegnir ál mikilvægu hlutverki. Til marks um það má nefna að grind Teslunnar er nánast eingöngu úr áli.

Viðvarandi vöxtur eftirspurnar áls í heiminum þýðir að ef meira jafnvægi kemst á framléiðslu og eftirspurn í Kína, þá eru markaðir fljótir að jafna sig.“

Öflugur klasi í áliðnaði

Hver eru þjóðhagsleg áhrif áliðnaðar?

„Árlega verða eftir á Íslandi um 80 til 100 milljarðar í gjaldeyrstekjum. Um 40 milljarðar fara í raforkukaup, á bilinu 25 til 40 milljarðar í kaup á vörum og þjónustu af hundruðum fyrirtækja, um 15 milljarðar fara í laun og launatengd gjöld til um 1.500 starfsmanna og auk þess greidda álver á Íslandi um 7 milljarða í opinber gjöld árið 2014. Til þess að setja þessar tölur í samhengi má nefna að stærsti útgjaldaliðurinn á fjárlögum er Landspítalinn og nema framlög til hans um 45 milljörðum.“

Byggst hefur upp öflugur klasi í áliðnaði og á grunni hans var Álklasanaum hleypt af stokkunum í fyrravor. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar sem kom út í fyrravor nam heildarframlag áliðnaðar og klasans sem myndast hefur í greininni nálægt 6,8% af landsframléiðslu á árunum 2011 og 2012. Ef horft er til eftirspurnaráhrifa var framlagið tæp 9% árið 2012.“

Deilan í Straumsvík er ál í ál

Hver er staðan í kjaradeilunni í Straumsvík?

„Deilan þar snýst fyrst og fremst um að verkalýðsfélögin hafa þvertekið fyrir að ÍSAL sitji við sama borð og önnur fyrirtæki í landinu varðandi heimildir til útivistunar á verkefnum. ÍSAL hefur boðið sömu launahækkanir og aðrir og gott betur, auk þess sem fram hefur komið að þegar viðræðurnar hófust voru dagvinnulaun verkamanna í Straumsvík 25% yfir landsmeðaltali. Vonandi eiga þessar deilur ekki eftir að dragast meira á langinn, enda efalaust að allir eru af vilja gerðir að semja og aflétta því óvissuástandi sem skapast hefur.“
halldorbach@gmail.com

Fleiri stoðir tryggja meiri stöðugleika

Á Iðningi flutti Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðarráðherra, ræðu þar sem atvinnulífið var skoðað út frá smærri einingum sem mynda það, líkt og kom fram í yfirskrift þingsins: Stóra myndin.

Þetta segir Ragnheiður Elín að sé skynsamleg sýn á hlutina. „Ég fékk tækifæri til að tala um stóru myndina í atvinnulífinu ég held að ég hafi rætt um nánast allar þær greinar sem eiga heimilisfesti hér í atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu. Það er engin ein grein sem þrífst án hinna þannig að í stað þess að stilla einstökum atvinnugreinum upp hverri gegn annarri þarf að benda á hversu vel þær þrífast saman. Þetta var útgangspunkturinn í minni ræðu og ég tók dæmi um ferðaþjónustuna sem hefur áhrif á byggingariðnaðinn, á matvælaframléiðslu, á orkugeirann og á hönnun og nýsköpun. Þannig að það er augljóst að við erum miklu sterkari þegar við lítum til heildarinnar fremur en að líta á einhverja einstaka hlekk.“

Það kom fram í máli margra sem ræddu málin á þinginu að það er hávær krafa um að bæta starfsumhverfi tæknifyrirtækja sem starfa á alþjóðamarkaði hér á landi. Þú sagðir sjálf að það sem þyrfti að gera til að bæta starfsumhverfi fyrirtækja yrði gert. Hvað er verið að gera?



Stóra myndin Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðarráðherra, flutti ræðu og tók þátt í umræðum á Iðningi.

„Par erum við að vinna eftir skýrri aðgerðaáætlun í þágu frumkvöðla og sprotafyrirtækja þar sem við erum búin að kortleggja þau viðfangsefni sem þarf að takast á við. Þetta var gert í samstarfi við greinina sjálfa, bæði einstök fyrirtæki og samtök. Það var ánægjulegt að meira og minna öll þessi atriði sem voru nefnd á þinginu og sagt var að þyrfti að laga eru á þessari áætlun. Þarna voru nefnd t.a.m. skattamálin sem er verið að vinna í og fjármálaráðherra hefur látið í ljós vilja sinn um að greiða fyrir. Áætlunin var til tveggja ára og við ætlum að koma þessum málum af stað og vonandi ljúka sem flestum á þessu kjörtímabili.“

Menntun var til umræðu á þinginu og kallað var eftir því að menntakerfið geri meira til að sýna ungum nemendum fram á möguleikana sem



Fullt hús Fundargestir, sem voru fjölmargir, hlýða á ræðu ráðherra.

felast í iðnmenntun. Þá sé löngu tímabært að fara að kenna forritun á yngri stigum. Er ríkisstjórnin að gera eitthvað í þessum efnun?

„Ég vil fyrst byrja á að hrósa Samtökum iðnaðarinnar fyrir átakið „Þú færð pottþétt starf“ sem var kynnt á þinginu. Par sem þetta er

einmitt markmiðið, að kynna iðnmenntun og kosti hennar miklu fyrir nemendum. Þetta er líka eitthvað sem við foreldrar þurfum að skoða því maður veit að kerfið og jafnvel foreldrar leggja áherslu á að krakkar taki stúdentspróf og hugsi sig svo um. Iðnmenntunin sé eitt-

hvað sem komi að stúdentsprófi loknu. En við eigum að vera að tryggja það að kerfið bjóði krökkum upp á að velja fyrir því að við þurfum á þessum kröftum að halda. Menntamálaráðherra er með þessi mál í skoðun hjá sér en löggjaldingarmálin eru í ráðuneytinu hjá okkur. Við höfum verið að skoða hvernig við getum haldið þeirri námshefð sem á sér mikla sögu en jafnframt að löggjöfin endurspeglir nútímaþróun og tengja það við vinnuna í menntamálaráðuneytinu.“

Sem móðir tveggja drengja sem eru 7 og 13 ára myndi ég vilja sjá þá fá aukna þjálfun í tækni og forritun. Þess vegna sækja þeir námskeið úti í bæ og þetta er klárlega eitthvað sem þarf að taka inn í grunnskólann á fyrri stigum og ég veit að verið er að skoða í menntamálaráðuneytinu.“

Það mátti greina hjartarsýni í máli fólks á þinginu. Hvernig metur þú framtíðarhorfurnar í iðnaðinum?

„Það er mikil hjartarsýni en það sem mér finnst líka athyglisvert er að það gætir líka ákveðinnar varfærni. Hugarfarið er að passa upp á að við brennum okkur ekki tvisvar á sama eldinni. Við ætlum að læra af því sem miður fór og byggja fleiri stoðir undir atvinnulífið. Það rammur þessa stóru mynd inn. Með fjölgun ferðamanna er verið að skjóta styrkari stoðum undir verslun, matvælaframléiðslu og iðnað. Þannig fjölgum við eggjunum í körfunni og tryggjum það að stoðirnar séu fleiri til að viðhalda stöðugleika verði sveiflur á markaði. Hvað stjórnmálin varðar þá höfum við sett nýja löggjöf um opinber fjármál sem byggist á langtímahugsun og langtímaáætlanagerð. Þá er farsælt afnám hafta forsenda þess að við getum horft hjörtum augum til framtíðar.
hallurmar@mbl.is



Ljósmynd/Odd Stefan

Stofnfundur Frá stofnfundi Hugverkaráðs Samtaka iðnaðarins, talið frá vinstri efri röð: Katrín Dóra Þorsteinsdóttir SI, Davíð Lúðvíksson SI, Tryggvi Hjaltason CCP, Jóhann Þór Jónsson Advania, Guðbjörg Guðmundsdóttir Marel, Magnús Oddsson Össur, Birna Ósk Einarsdóttir Síminn, Árni Sigurðsson Marel, Eyjólfur Árni Rafnsson Mannvit, Ólafur Andri Novomatics, Helga Margrét Reykdal Truenorth, Hilmar Veigar Pétursson CCP, Erlendur Steinn Guðnason Vizido, Hilmar Sigurðsson Gunhil, Guðný Guðjónsdóttir Sagafilm og Almar Guðmundsson SI. Neðri röð frá vinstri: Elínrósl Lindal SI, Sigrún Jenný Barðadóttir Eimverk, Gunnar Haukur Stefánsson Opin kerfi, Stefán Sigurðsson Vodafone, Ragnheiður H. Magnúsdóttir Marel, Finnur Oddsson Nýherji, Pétur Már Halldórsson Nox Medical, Haukur Alfreðsson SI og Jón Gunnar Jónsson Actavis.

Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins stofnað

Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins var stofnað með formlegum hætti 3. mars sl. en í ráðinu sitja 15 manns. Þessu nýja ráði er ætlað að styrkja þau málefni sem eru sameiginleg fyrirtækjum sem starfa á alþjóðamörkuðum og byggja afurðir sínar og þjónustu á tækni og hugverki.

Stofnun Hugverkaráðs SI er liður í að efla samkeppnishæfni hugverka- og tæknifyrirtækja á Íslandi þar sem stefnt er að því að skapa rekstrarumhverfi sem jafnast á við það sem best ger-

ist á alþjóðlegum vettvangi. Á stofnfundinum voru lagðar línur fyrir starf ráðsins á næstu misserum þar sem kom fram mikilvægi þess fyrir framtíð og vöxt íslenska hagkerfisins að iðnaðurinn ynni markvisst að lykilmálefnum til að ná þeim árangri sem að væri stefnt.

„Það sem er svo gaman í þessu er að maður finnur hvað það er mikill samhljómur. Við vinnum við að ýta málum áfram gagnvart stjórnálfunum og þessi stóri geiri er býsna stór þeg-

ar hann er mældur í útflutningi og öðrum stærðum. Nú er verið að taka þennan hóp og uppfæra stefnumótun. Stjórn málin og landsmenn munu þá fá að heyra í Hugverkaráði og sjá ákveðna sýn. Í raun er engin tilviljun að þetta sé að gerast núna þegar kosningar nálgast. Kjósendur munu þá skilja mikilvægi þess að stjórnálfamenn taki skynsamlegar ákvarðanir fyrir atvinnulífíð,“ segir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, um nýstofnað Hugverkaráð.

Saga af ráðningarferli

Í umræðum á Iðnpingi kom fram umhugsunarverð saga af ráðningarferli í Elkem á Grundartanga.

Í umræðu um mannauðsmál sagði Gestur Pétursson, forstjóri Elkem á Íslandi, áhugaverða sögu af rekstri fyrirtækisins. „Við auglýstum á síðasta ári eftir tveimur sérfræðingum á fjármálasviði og á svipuðum tíma auglýstum við eftir tveimur rafvirkjum. Það er skemmt frá því að segja að það voru 260 umsóknir sem bárust á fjármálasvið en þær voru 7 á í stöðu rafvirkjana. Það er áhugavert í því ljósi sem snýr að lífsafkomu. Ég skoðaði launakannanir og sérstaklega laun sérfræðimenntaðra viðskiptafræðinga og það kom í ljós að heildarlaun rafiðnaðarmanna hjá Elkem eru hærrí en heildarlaun viðskiptafræðinga á almennum markaði.“ Gestur lagði áherslu á að ekki ætti að etja bóklegu námi og iðnnámi saman, frekar væri vænlegt að láta greinarnar styðja hvor við aðra. Þórána Jónsdóttir, deildarforseti viðskiptadeildar HR, tók undir það og sagði það áberandi að nemendur sem kæmu bæði með iðnnám og bóknám inn í skólann stæðu sig betur en aðrir nemendur.

Nýr sáttmáli um vinnustaðanám, sem yfir 170 fyrirtæki hafa skuldbundið sig til að taka þátt í, vonast Gestur til að komi til með að skila fleiri krökkum í iðnnám. Nú er sú tala í kringum 14% en þyrfti að vera í nær 25-30%. Aukin áhersla á starfsnám sagði Þórána að hefði skilað miklum árangri bæði fyrir Háskólann í Reykjavík og fyrirtækin sem taka þátt í starfinu. „Þetta skiptir máli fyrir þjálfun einstaklinganna, þetta skiptir máli fyrir fyrirtækin sem eru að standa sig afskaplega vel og fá þá tækifæri til að velja úr fólki. Það er spennandi framtíð að fá atvinnulífíð og menntakerfíð til að ganga betur í takt. Þannig eigum við að gera hlutina.“



Ljósmynd/Haraldur Guðjónsson

Slagsíða 260 manns sóttu um tvær stöður sérfræðinga á fjármálasviði á meðan einungis sjö manns sóttu um störf rafvirkja hjá Elkem.



Þróun Sjónum var beint að prentun og þróun umbúða, hröðum tækninýjungum innan prentiðnaðarins, hönnun og handverki.

Nýjungar kynntar á Degi Íslensks prentiðnaðar

Samtök iðnaðarins, Íðan fræðslusetur og Grafía stóðu fyrir Degi Íslensks prentiðnaðar í febrúar en á þessum degi koma þeir saman sem starfa innan prent-, útgáfu-, hönnunar- og miðlunargreinum í þeim tilgangi að fræðast um nýjungar innan greinarinnar allt frá aðferðafræði til reksturs fyrirtækja. Dagurinn samanstóð af fjölda fyrirlestra og örnámskeiða sem varða greinina. Í ár var sjónum meðal annars beint að

prentun og þróun umbúða, hröðum tækninýjungum innan prentiðnaðarins, hönnun og handverki. Meðal fyrirlesara voru Elísabet Yr Sigurðardóttir, formhönnuður hjá Odda, Ragnheiður Magnúsdóttir, viðskiptastjóri hjá Marel, Páll Ketilsson, ritstjóri Víkurfréttu, og Lóa Fatou Einarsdóttir, sérfræðingur í straumlinustjórnun hjá 66 gráðum norður. hallurmar@mbl.is



Fjölmenni Útboðsþing Samtaka iðnaðarins var vel sótt.

100 milljarða króna framkvæmdir kynntar á Útboðsþingi SI

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins var haldið fyrir fullu húsi á Grand Hótel Reykjavík í febrúar. Þar kynntu helstu framkvæmdaaðilar hins opinbera áformaðar framkvæmdir fyrir tæpa 100 milljarða króna sem er veruleg aukning frá því í fyrra. Viðamestu framkvæmdirnar eru hjá Landsvirkjun sem

nema 20 milljörðum króna, þar á eftir koma ISAVIA, Landsnet og Framkvæmdasýsla ríkisins með framkvæmdir upp á 11 og 12 milljarða króna. Aðrir sem kynntu framkvæmdir sínar voru Reykjavíkurborg, OR Veitur, Orka náttúrunnar, Faxaflóahafnir, Kópavogsbær og Vegagerðin.

Fagfólkið komið í

Á næstu mánuðum mun almenningi gefast kostur á að kynnst lífi og störfum fólks í iðnaði hér á landi í Fagfólkinu, stuttum og skemmtilegum þáttum sem sýndir verða á mbl.is.

Farið verður inn í fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum þar sem rætt verður við einstaklinga í áhuga-verðum störfum. Þá fáum við innsýn í lífið eftir vinnu þar sem fólk mun sýna okkur hvað það hefur fyrir stafni eftir að vinnudegi lýkur. Í fyrsta þætti kynntumst við orkutæknifræðingnum Gunnari Óla Sigurðssyni sem starfar hjá Mannviti en kemur jafnframt fram sem töframaður í frístundum.

Í gær heilsuðum við svo upp á rafmagnsverkfræðinginn Eyrúnu Linnét sem saumar þjóðbúninga í frístundum.

Iðnaður hefur náð að vaxa í fjölmargar áttir á undanföllum áratugum og fyrirtækin starfa á fjölbreyttum vettvangi. Til að ná að draga upp heildstæða mynd af umhverfinu verður því talað við töluverðan fjölda fólks en alls verða þættirnir 42 talsins og verða þeir sýndir vikulega. Verkefnið er liður í að sýna fram á hversu ólík störf eru unnin í iðnaði og að þau geti hentað fólki af öllum persónugerðum.

Spennandi störf í iðnaði

Þrátt fyrir að verkvit og vinnusmi hafi alla tíð verið undirstaða lífsbaráttu hér á landi hefur áherslan á nám tengt greinum tengdum iðnaði ekki verið sterk. Iðn-, verk- og tæknimenntun hefur ekki þótt fin og menntakerfið hefur á marga vegu brugðist þegar kemur að því að skila tæknimenntuðu fólki út á vinnumarkaðinn. 36% fyrirtækja segja skort á starfsfólki í sinni grein, sérstaklega er þetta áberandi þar sem iðn- og tæknimenntað fólk starfar.

Þrátt fyrir að fólk sem er iðn- og tæknimenntað sé afar eftirsótt starfsfólk á vinnumarkaði eru einungis 14% nemenda á framhaldsskólastigi sem velja sér starfsnám. Hlutirnir gerast hratt í íslensku samfélagi þessa dagana og ein forsenda þess að byggja hér upp öflugt atvinnulíf er að tryggja fjölbreytni á vinnumarkaði. Fyrirtæki eins og Marel, CCP og Össur eru öll byggð á hugviti sem verksvitið ljær vængi og þýðing þeirra fyrir




Verkvit Rafmagnsverkfræðingurinn Eyrúna Linnét saumar þjóðbúninga í frítíma sínum en stýrir rafstöð álversins í Straumsvík í vinnutíma.



Þjóðleg Fjölskylda Eyrúnar kann vel að meta þjóðbúningana sem hún saumar í frístundum.

samfélagið verður seint metin til fulls. En fyrirtækin eru fleiri, Valka er t.a.m. annað öflugt fyrirtæki sem framleiðir vélar fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, bátasmiðjan Rafnar spratt upp úr velgengni Össurar og dæmin eru fleiri. Slík fyrirtæki þurfa fleira starfsfólk ef

Iðnaðareiningar í miklu úrvali



ÍSFRÖST
KÆLI - OG FRYSTITÆKI

Funahöfða 7, 110 Reykjavík, s. 577 6666

Sáttmáli um eflingu vinnustaðanáms

Yfir 170 fyrirtæki í iðnaði hafa lýst sig reiðubúin að taka nemendur á samning til að auka aðgengi þeirra að vinnustaðanám í fyrirtækjunum og hafa þau undirritað sáttmála þess efnis.

Með þessum sáttmála eflir SI iðn-, verk- og tæknimenntun ungs fólks sem getur þannig stuðlað að því að nemendur öðlist góða menntun sem stenst alþjóðleg viðmið og opnar þeim fjölmargar dyr.

Lögð er áhersla á að tekið sé vel á móti nemunum með skipulögðum og ábyrgum hætti, þeim sé boðinn samningur um vinnustaðanám, laus vinnustaðanámsspláss séu skráð á vefinn www.verknarnam.is og lausar nemastöður séu auglýstar.



sýningar á mbl.is



Íslenskir húsgagnaframleiðendur á HönnunarMars



Hönnun Dímon sófar og stólar sem Erla Sólveig Óskarsdóttir hannaði voru meðal fjölmargra húsgagna sem sýnd voru í Hafnarhúsinu.

Samtök iðnaðarins tóku þátt í HönnunarMars þegar íslenskir húsgagnaframleiðendur sýndu nýjungar í framleiðslu sinni þar sem hönnun og gott handbragð héldust í hendur. Hönnuðir og framleiðendur hafa um árabil átt árangursríkt samstarf og á sýningunni í Hafnarhúsinu í vikunni gafst almenningi kostur á að sjá það allra nýjasta frá þeim. Fyrirtækin sem sýndu húsgögnin voru AG-USTAV, Axis, Á. Guðmundsson, G.Á. húsgögn, Sóló-húsgögn, Syrusson og Zenus. Fyrirtækin eru öll í Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda sem starfar innan raða Samtaka iðnaðarins en samtökin voru meðal bakhjarla sýningarinnar.

Framleiðnifundir SI

Markmið SI er að auka framleiðni en aukin framleiðni er forsenda betri afkomu fyrirtækja og bættra lífskjara almennings. Framleiðni á hverja unna vinnustund á Íslandi er undir meðaltali OECD-ríkjanna en vegið er upp á móti því með mikilli vinnu. Árlegur raunvöxtur framleiðni hefur verið 1,3% undanfarið en markmiðið er að ná framleiðnivexti upp fyrir 2% á ári. SI hefur í því augnamiði sett upp fundaröð þar sem fyrirtæki deila reynslu sinni af því að auka framleiðni í alls konar framleiðslu sama í hvaða geira þau eru. Fyrirtæki sem virðast ólík í fyrstu eiga margt sameiginlegt en þegar kemur að skipulagi, ferlum og stýringu geta þau lært hvert af öðru. Hjá fyrirtækjum innan SI er mikil reynsla og þekking og með fundahöldunum gefst tækifæri fyrir sérfræðinga og stjórnendur að deila sinni reynslu og læra þannig hvert af öðru. Fundirnir hafa verið vel sóttir en á hvern fund koma þrjú fyrirtæki sem segja frá því hvernig þeim hefur tekist að auka framleiðni í sínum rekstri.



Framleiðni SI hefur sett upp fundaröð þar sem sérfræðingar deila reynslu sinni.

þau eiga að ná að dafna, iðn-, verk- og tæknimenntað starfsfólk.

Ný nálgun í fjölmíðlum

Fjölmargir frábærir starfskraftar vinna góð, vel launuð og skapandi störf hér á landi þar sem verksviðið skiptir höfuðmáli og nú

gefst fólki tækifæri á að kynna þessu fólki. Fólk hefur áhuga á fólki og þetta er kærkomið tækifæri fyrir alla að kynna hlið á íslensku samfélagi sem hefur í raun ekki verið mikið fjallað um í fjölmíðlum hér á landi. hallurmar@mbl.is



Hillur



Hurðir



Kæli- & frystikerfi



Blásarar & eimsvalar



Strimlahurðir



Læsingar, lamir, öryggiskerfi ofl.

Allt fyrir kæli- & frystiklefa




Áratuga reynsla og þekking

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · kaelitaekni.is

Okkar þekking nýtist þér



Sáttmáli Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI, afhendir Jóni B. Stefánssyni, skólameistara Tækniskólans, sáttmálann. Á myndinni eru einnig Helga Kristín Kolbeins, skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrotarskólans í Breiðholti og Ágústa Elín Ingbórsdóttir, skólameistari Fjölbrotarskólans í Vesturlands.

Við færum þér **logn & blíðu**



...með nútíma svalalokunum og sólstofum



- Svalalokanir
- Glerveggir
- Gler
- Felloveggir
- Garðskálar
- Handrið

**Gler &
Brautir**

Skútvogur 10b, 104 Reykjavík
Sími 517 1417, glerogbrautir.is

Opið mánudaga-föstudaga frá 9-16